



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2026

IÐTE2VB04 (BV)

Kennari	Björgvin Jónsson, bjorgvin.jonsson@fss.is		
Viðtalstími	Mánudagur 08:15-8:55.		
Námsefni	Notast verður við efni frá Autodesk ásamt efni á netinu.		
Áfangalýsing	Í áfanganum fer fram kynning á notkun helstu teikniforrita sem notuð eru í tölvum. Lögð er áhersla á að efla skilning nemenda á rýmum út frá tvívíðum og þrívíðum teikningum. Nemendur læra grunnskipanir teiknikerfa með æfingum á tölvu og kynnst undirstöðu tölvuteikninga í teiknikerfum. Þeir þjálfast í að teikna vinnuteikningar í teikniforriti. Auk þess læra þeir að mæla upp hluti og teikna síðan á grundvelli hefðbundinna staðla og teiknireglna. Lögð er áhersla á þjálfun í lestri teikninga og mælikvarða, vinnu eftir málum og teiknireglum, notkun lagskiptinga, línugerða og merkinga sem og skölun teikninga og uppsetningu teikninga. Þá læra nemendur að setja saman og ganga frá vönduðum teikningum málsettum til útprentunar og vistunar.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr verkefnavinnu annarinnar til að fá vinnueinkunn metna.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi	
	Verkefni	30%	
	Kaflapróf	20%	
	Lokaverkefni	50%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.		
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur fá aðgang að öllum teikniforritum sem Autodesk framleiðir og geta nemendur sótt þau sér að kostnaðarlausu gegnum aðgang frá FS.		

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - frágangi einfaldra teikninga með tilliti til staðla og teiknireglna. - flóknari aðgerðum og leiðum til að auka afköst. - mismunandi mælikvörðum, mátkerfi, hugtakanotkun og notkun helstu mælitækja. - grafískri framsetningu teikninga og verkefna. - prentmöguleikum samkvæmt gildandi stöðlum og reglum.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - beita teikniforritum við teikningu á smíðahlutum. - vinna og skila frágengnum teikningum í tví- og þrívídd á grundvelli textalýsinga, skoðunar og uppmælinga á rýmum og hlutum. - skala teikningar. - beita þeim skipunum sem hann hefur lært til að teikna einfaldar vinnuteikningar.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - færa teikningar eða myndir milli forrita og vinna með þær í samræmi við teiknireglur. - vinna teikningar tilbúna til útrentunar. - vinna sjálfstætt að útfærslu teikninga.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 20 mín	21 klst.
Undirbúningur f. lokaverkefni	4 klst.	4 klst.
Lokaverkefni	4 klst.	4 klst.
Alls		93 klst. = 4 ein

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 ein	18 - 24 klst.
2 ein	36 - 48 klst.
3 ein	54 - 72 klst.
4 ein	72 - 96 klst.
5 ein	90 – 120 klst.

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6.-9. janúar	Autocad	
2. vika 12.-16. janúar	Autocad	Verkefni
3. vika 19.-23. janúar	Autocad	Verkefni
4. vika 26.-30. janúar	Autocad	Kaflapróf/verkefni
5. vika 2.-6. febrúar	Autocad	Verkefni
6. vika 9.-13. febrúar		
7. vika 16.-20. febrúar <i>Uppbrotisdagur 18. feb</i>	Autocad	Verkefni
8. vika 23.-27. febrúar <i>Vetrarleyfi 27. feb</i>	Autocad	Kaflapróf
9. vika 2. -6. mars <i>Námsmatsdagur 2. mars</i>	Fusion 360	Verkefni
10. vika 9.-13. mars	Fusion 360	Verkefni
11. vika 16.-20. mars	Fusion 360	Verkefni
12. vika 23.-27. mars <i>Starfshlaup 27. mars</i>	Fusion 360	Kaflapróf/verkefni
13. vika 6.-10. apríl <i>Annar í páskum 6. apríl</i>	Inventor	Verkefni
14. vika 13.-17. apríl	Inventor	Verkefni
15. vika 20.-24. apríl <i>Sumard. fyrsti 23. apríl</i>	Inventor	Verkefni
16. vika 27. apríl-1. maí <i>Dimissio 30. apríl</i>	Inventor	Kaflapróf
17. vika 4.-8. maí <i>Stoðdagur 8. maí</i>	Autocad/Fusion 360 og Inventor	Lokaverkefni

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Björgvin Jónsson